Landamerkjamálin
Bústaðir - Laugarnes & Kleppur 1890-1891

Aðfnr. 1366, örk 2

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# Eptirrit
## úr
## afsals- og veðmálabók Gullbringu- og Kjósarsýslu
## Litra G, Nr. 107, bls 142

---

### Landamerkjalýsing

fyrir þjóðjörðinni „Kópavogi" í Seltjarnarneshreppi. Hangandi í Fossvogi, eða miðbjargið hjá svonefndum Tjaldhól; þaðan bein stefna austur eptir vognum uppí svonefnt „Foxafen"; þaðan beint suður í svonefndan „hring" og yfir um hálsinn í svokallaða „Stútublett" og ofan í vörðu að sunnanverðu við svokallað „Danskavað". Þaðan í svokallaða Engjaborg í stóran stein með LM sem á að hlaða í norðanverðum hálsinum. Þaðan bein lína norður með hálsinum ofan í Skotmáa (þar á að hlaða vörðu) sunnanvert við Kópavogsbrú, og ofan í sjó.

Skrifstofu Kjósar- og Gullbringusýslu 31-5-1890

Franz Siemsen

Umboðsmaður yfir þjóðjörðunum Kópavogi, Digranesi og Arnarnesi. Eigandi og ábúandi jarð-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

annar Hvammkots, alþingismaður Þorlákur Guðmundsson er beðinn að rita hjer á samþykki sitt.

Samþykkur

Þ. Guðmundsson

Lesið á manntalsþingi fyrir Seltjarnarneshrepp að Mýrarhúsum hinn 6. júní 1890 og síðan ritað í afsals- og veðmálabók sýslunnar.

Franz Siemsen

— " — — " — — " —

Rjett eptirrit staðfestir

Skrifstofu Gullbringu- og Kjósarsýslu 25-4-1907.

Páll Einarsson

Gjald: 25 a —
— tuttugu og fimm a —
P. E.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Gullbringu- og Kjósarsýslu

26. april 1907

229

Samkvæmt ósk yðar,herra yfirdómari,i heiðruðu brjefi dags. 19.þ.m. sendi jeg yður hjer með eptirrit af landamerkjaskrá Kópavogs eins og hún finnst innfærð hjer i bækurnar,og veit jeg ekki til að hjer sjeu önnur skjöl eða skilriki,er gefi upplýsingar um hver landamerkin eru milli Kópavogs og Reykjavikur.-

Páll Einarsson

Herra yfirdómari Kristján Jónsson , Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

(Úr skjölum landamerkjamáls milli Reykjavíkur og Bústaða).

— " —

No 3.

Bæjarstjórn Reykjavíkur, sem er eigandi að Laugarnesi, heldur fast fram, að landamerki milli Laugarness og Bústaða, sem er eign kaupmanns H. Th. A. Thomsen í Khöfn, séu þessi: "Úr Hanganda í Fossvogi upp í Fagakeldu, úr Fagakeldu upp í Klofningssteina, þaðan og í Stein þann, sem stendur fyrir vestan og sunnan Bústaðaborg og úr Bústaðaborg sjónhending í þrísteina". En hvorki hefur nefndur kaupmaður H. Th. A. Thomsen, eða leiguliði hans á Bústöðum, Jón bóndi Hafsson, viljað o. s. frv., o. s. frv. (- Sáttakæra -). - - - -

- - - Bæjarfógetinn í Reykjavík, 14. dag maímán. 1889.

Virðingarfyllst

Halldór Daníelsson.

Til Amtmannsins yfir Suðuramti Íslands. -

---

No 10

Úr uppboðsafsalsbréfi fyrir Laugarnesi, dags: 27. Febr. 1857

1. - - - - Frá landamerkjum er að öðru leyti skýrt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þannig: „Steinn sá, sem stendur í Kirkjusandi, á að bera uppí Ámundaborg, úr Ámundaborg sjónhending rjetta og skekkju til hvorugrar landar sunnan yfir þvera og miðja Kringlumýri; og svo ofan í Hangandi í Fossvogi; úr Hangandi upp í Fagaveldu; úr Fagaveldu upp í Klofningssteina, þaðan o. sv. fv." –

"Hangandi" syðsti kletturinn við sjóinn (Fossvogsbotn) næst Fossvogslæk (samsvarandi vitnisburðum). –

№ 20.

Landamerkjaskrá Laugarness, dags: 14. júlí 1884.

„ ‥ miðja Kringlumýri, og svo ofan í Hangandi í Fossvogi; úr Hangandi og upp í Fagaveldu; úr Fagaveldu o. sv. fv. ‥"

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vitnisburður Joh. Olsens, 67 ára, dags. 20/6. 1890.

"Landamerki Laugarness að sunnan er Hangandi í Fossvogi, syðsta klettinum við sjóinn næst Fossvogslæk Laugarnessmegin upp í Fagakeldu, sem er syðri armurinn á upptökum Fossvogslækjar o.s.frv." —

Vitnisb. Joh. Zoega, 67 ára, dags. 20. júní 1890:

"Landam. Laugarness að sunnan er Hangandi í Fossvogi, syðsta klettinum við sjóinn næst Fossvogslæk Laugarnessmegin upp í Fagakeldu, sem er syðri armurinn á upptökum Fossvogslækjar" o. s. frv.

Vitnisb. Páls Magnússonar, Pálsbæ, 69 ára, dags. 22. júní 1890:

"Fagakelda var talin á í upptökunum á Fossvogslæk, og Hangandi syðsti kletturinn við sjóinn næst Fossvogslæk. –

Vitnisburður Geirs Zoëga, 60 ára, munnlegur 24/6-90:

"ekki heyrt það nefnt Fagakeldu, þá keldu þar sem Fossvogslækur hefur upptök sín eða myndast. – Vitnið segist hafa heyrt kallað Hangandi" við Fossvogsbotn norðanverðan." —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til sýslumannsins í Kjósar og Gullbringusýslu.
19. apríl 1907.

Eins og yður er kunnugt, hr. sýslumaður, hefir manni nokkr-
um útlendum Edward Brandt að nafni verið útmælt land
hinn 9. þ. m. samkvæmt lögum 19. desbr. 1903 í landareign
þjóðjarðarinnar Kópavogs á því svæði þarsem landamerki
Reykjavíkurlands og þjóðjarðarinnar eru, og hefir stjórnarráðið
beiðst upplýsinga bæjarstjórnar Reykjavíkur um það, hvort hún
hafi nokkuð að athuga við útmælinguna. Bæjarstjórnin
hefir kosið nefnd til þess að rannsaka mál þetta og gefa
álit um það, og leyfi jeg mjer fyrir hönd þeirrar nefndar
o: að beiðast þess, hr. sýslumaður, að þjer látið henni í
tje þær skýrslur og upplýsingar, sem finnast kunna í bók-
um og skjölum embættis yðar um landamerki Kópavogs
og Reykjavíkurlands frá Fossvogi upp að [illegible], og nefni
jeg þar einkum til landamerkjaskrá Kópavogs, ef til er,
áreiðargjörðir, ef þær kunna að hafa verið gjörðar, (máldagaafrit og lögfestur, ef þær eru til,) o. s.
frv. Þessar skýrslur óskum vjer að fá svo fljótt sem
kostur er á, og munum vjer greiða gjöld þau, er svo lög
standa til.

Fyrir hönd bæjarstjórnarnefndarinnar

Nefnd: Bj. K., Kn. Z., Ó. Ó. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur